

«Nafn»
«Heimili»
«Staður»

AÐALFUNDUR 2025.

Aðalfundur Sparisjóðs Strandamanna hf. verður haldinn að Sævangi, 511 Hólmavík, fimmtudaginn 19. júní 2025, og hefst kl. 17:00.

Dagskrá (skv. samþykktum sparisjóðsins):

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Leiðbeiningar um umboð og framboð til stjórnar (form og framkvæmd)
3. Skýrsla stjórnar um starfsemi sparisjóðsins síðastliðið starfsár.
4. Endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2024.
5. Ákvörðun um ráðstöfun afkomu ársins 2024.
6. Kosning sparisjóðsstjórnar sbr. 16. gr. samþykktar sjóðsins.
7. Kosning löggilts endurskoðanda / endurskoðunarfélags, tillaga er um að ráða KPMG ehf.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnar, að fengnum tillögum stjórnar sbr. 14. gr. samþykktar sjóðsins.
9. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu
10. Kynning á viðræðum um sameiningu við Sparisjóð Höfðhverfinga hf.
11. Önnur mál sem aðalfundur sem eru löglega borin upp.

Aðilar sem eru skráði hluthafar í hlutaskrá samkvæmt hluthafakerfi félagsins þegar hluthafafundur fer fram geta beitt réttindum sínum á hluthafafundi. Samkvæmt samþykktum Sparisjóðs Strandamanna hf. er hlutafjáreiganda heimilt að fela öðrum umboð sitt til þess að fara með rétt sinn á aðalfundinum.

Umboð þarf að vera dagsett, undirritað og vottað af tveimur aðilum, skal umboðið lagt fram í frumriti á pappír á aðalfundi. Umboð má einnig undirrita með fullgildum rafrænum skilríkjum, dagsett, ekki þarf votta á slíkt umboð, rafrænt umboð þarf að senda á netfangið thorbjorn@spstr.is eða spstr@spstr.is fyrir aðalfund. Mikilvægt er að frumrit umboðs, þ.e. pdf. með rafrænni undirritun sé sent í tölvupósti, ekki er tekið við rafrænt undirrituðu umboði útprentuðu á pappír eða skönnuðu eftir ljósritun.

Umboð verða ekki afturkölluð svo gilt sé gagnvart félaginu eftir að þeim hefur verið framvísað við afhendingu fundargagna eða eftir setningu fundarins, hvort heldur sem fyrr er. Mikilvægt er að fundarmaður með umboð mæti tímanlega á fundinn svo hægt sé að yfirvara umboð með tilliti til gildis þess.

Framboð til stjórnar skulu berast minnst 5 dögum fyrir aðalfund sbr. 63. gr. a. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Tillögur hluthafa um að mál verði tekið á dagskrá á aðalfundi skulu berast sem fyrst svo hægt sé að taka mál upp í dagskrá á aðalfundi í síðasta lagi viku fyrir aðalfund. Tilkynningu um framboð eða tillögur um mál til að setja á dagskrá aðalfundar skal senda á netfangið thorbjorn@spstr.is eða spstr@spstr.is

Ársreikning fyrir árið 2024 er nú hægt að skoða á heimasíðu Sparisjóðs Strandamanna
<https://www.spar.is/is/sparisjodur-strandamanna/arsreikningar>.

Ársreikningur og önnur gögn vegna fundarins verða aðgengileg minnst viku fyrir aðalfund og hægt að nálgast í afgreiðslu Sparisjóðsins á Hólmavík eða óska eftir að fá send með því að hafa samband í síma 455 5050 eða senda tölvupóst á thorbjorn@spstr.is eða spstr@spstr.is.

■ ■ **Boðnar verða kaffiveitingar í lok fundar.**

Hólmavík 4. júní 2025.
F.h. stjórnar Sparisjóðs Strandamanna.



Þorbjörn Jónsson,
sparisjóðsstjóri.